

Tillaga til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillaga hefur verið mynduð vegna vinnutímastyttingar fyrir Vinaminni. Ef meirihluti starfsmanna er samþykktur tillögunni mun hún taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 23.11.2020 - 26.11.2020

Tillaga: Innleidd verður 13 mínútna vinnutímastytting á dag sem starfsmenn safna upp og taka út á fjögurra vikna fresti. Kaffitímar haldast óbreyttir.

Frá og með 1. janúar 2021 styttist vinnudagur starfsmanna sem eru í dagvinnu, um 13 mínútur á dag miðað við 100% starfshlutfall, styttingin er hlutfallsleg miðað við starfshlutfall. Úttakan verður með þeim hætti að starfsmenn safna upp vinnutímastyttingunni í fjórar vinnuvikur og taka hana út í einu lagi í lok vinnudags að lokinni fjögurra vikna söfnun. Úttakan verður rúllandi yfir vikuna og verður misjafnt milli vikna hvaða dag starfsmaður tekur út styttinguna sína.

Dæmi um úttöku:

Starfsmaður:	Ráðningahlutfall:	Samtals uppsöfnuð stytting á 4v. fresti:
#1	100%	4,3 klst
#2	80%	3,45 klst

Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Tilhögun kaffitíma helst óbreytt. Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi:

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda. Lagt verður upp með að ákveðnum verkefnum, eins og böðun skjólstaðinga, verði lokið fyrirpart dags til að minnka álag á aðra starfsmenn þá daga sem úttaka á styttingunni verður.


Endurskoðun:

Vinnustaðurinn og vinnutímanefndin leggur mat á árangri tillögunnar að 6 mánuðum liðnum, eða eigi síðar en 1. júní 2021.

Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall 50%

Ert þú hlynnt/hlynntur tillögunni að útfærslu á vinnutímastyttingu fyrir þinn vinnustað?



Mean : 1.000 | Confidence Interval @ 95% : [1.000 - 1.000] | Standard Deviation : 0.000 | Standard Error : 0.000



OneCRM		
Viðskiptavinur:	Sveitarfélagið Árborg	Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir
Málsheiti:	Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg	Málsnúmer: 2012144